

## Leiðarljós bæjarfulltrúa Í-listans 2014-2018

Í aðdraganda sveitarstjórnakosninganna vorið 2014 lagði Í-listinn, listi íbúanna, fram fjölpætta stefnuskrá og má sjá hana í heild sinni á næstu síðum. Úrslit kosninganna eru þess eðlis að þessi sama stefnuskrá mun verða það leiðarljós sem bæjarfulltrúar framboðsins munu fara eftir við ákvarðatöku þetta kjörtímabil.

Af þeim málum sem sett verða í sérstakan forgang, eru mál eins og opnari stjórnsýsla og aukið íbúalýðræði.

### Fjármál og stjórnsýsla

#### Ábyrg fjármálastjórn

Með því að:

- gera fjárhagsupplýsingar aðgengilegri á vef sveitarfélagsins í því skyni að auka kostnaðarvitund íbúa og eftirlit með fjármálum sveitarfélagsins.
- auka fjárhagslegt sjálfstæði stofnana bæjarins.
- eyða óútskýrðum launamun kynjanna sé hann til staðar.

#### Sterkari stjórnsýsla

Með því að:

- auka samstarf við nágrannasveitarfélögin.
- Ísafjarðarbær opni fyrir þátttöku íbúa og fyrirtækja í fyrirlestrum og námskeiðum sem hann stendur fyrir eins og kostur er.
- kynna það góða sem er að gerast í sveitarfélaginu með því að nýta betur samfélagsmiðla.
- auka möguleika til menntunar starfsmanna sveitarfélagsins.
- skerpa línur í skipulagi og rekstri áhaldahúss.
- mikilvægar upplýsingar verði aðgengilegar fyrir íbúa á fleiri tungumálum en íslensku.
- auka aðgengi að þjónustu og upplýsingum bæjarins t.d í gegnum öpp og snjalltæki.
- leita leiða til að auka staðbundna þjónustu á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri.
- nýta kosti þess að vera fjölmeningarsamfélag.

#### Aukið íbúalýðræði

Með því að:

- auka upplýsingamiðlun til íbúa um málefni sveitarfélagsins og fjölga tækifærum þeirra til að koma skoðunum sínum á framfæri.
- opna íbúavef með tengingu við samfélagsmiðla þar sem íbúar geta haft áhrif á ákvarðanir óháð búsetu.
- bæta samfélagið með stuðningi við íbúasamtök, frjáls félagasamtök, íþróttafélög og foreldrastarf.
- nota íbúakannanir á markvissari hátt og nýta þær upplýsingar sem þar koma fram til að bæta samfélagið.

## Íþróttá- og tómsundamál

### Bætt umhverfi til íþróttá- og tómsundaiðkunar.

Með því að:

- vinna áfram að framtíðarsýn fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja sem tekur mið af þarfagreiningu íþróttafélaganna.
- gera uppbyggingarsamninga við íþróttafélög í samstarfi við HSV byggða á áður nefndri þarfagreiningu.
- styðja áfram við Íþróttaskóla HSV og stuðla að fagmennsku í íþróttá- og tómsundastarfi.
- frítt verði í sund fyrir 10 ára og yngri.
- auka jafnræði íbúa til íþróttá- og /eða tómsundaiðkunar með því að skilgreina tómsundaakstur og samþætta betur við almenningssamgöngur innan sveitarfélagsins.
- skoða kosti þess að niðurgreiða þátttöku barna í lista- og tómsundastarfi með því að taka upp „menningarhort“ í samstarfi við menningarstofnanir í sveitarfélaginu .

### Almenn heilsuefling.

Með því að:

- endurskoða opnunartíma sundlauga í samstarfi við íbúa.
- halda áfram uppbyggingu göngustíga í sveitarfélaginu og koma upp hreystitækjum við stígana.
- fjölga bekkjum og ruslatunnum við göngustígana.
- leggja áherslu á aðstöðu almennings til líkamsræktar samhliða uppbyggingu á íþróttamannvirkjum.
- fegra opin leiksvæði barna og fjölga leiktækjum.

## Ungt fólk

### Samfélagið okkar gert aðlaðandi fyrir ungt fólk.

Með því að:

- setja á fót ungmennaráð sem verði bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks.
- efla upplýsingaflæði milli allra aldurshópa.
- efla gagnrýna hugsun og sköpunargleði nemenda í skólum sveitarfélagsins.
- efla fræðslu um fjármálalæsi og stjórnsmál á öllum stigum skólakerfisins.
- gera jafnréttis- og kynjafræði að sjálfsgöðum hlut í grunnskólum sveitarfélagsins.
- tryggja aðgengi ungs fólks að íþróttá- og tómsundastarfi óháð búsetu.

## Umhverfismál

### Tryggjum ímynd óspilltrar náttúru á Vestfjörðum.

Með því að:

- gera úttekt á möguleikum jarðgerðar til að minnka sorpmagn sem flytja þarf burt úr sveitarfélaginu.

- einfalda sorpmál frístundahúsa og ferðamanna í friðlandinu á Hornströndum.
- hvetja fyrirtæki til að starfa eftir virkri umhverfisstefnu.
- tryggja áframhaldandi vinnu við umhverfisvottun sveitarfélaga og að Ísafjarðarbær verði leiðandi við innleiðingu vottunarinnar.
- leita leiða til orkusparnaðar.
- draga úr plastpokavæðingu samfélagsins.
- gera ræktun matjurta til heimilisnotkunar auðveldari fyrir íbúa.
- fegra umhverfið og bæta ásýnd sveitarfélagsins með sérstakri áherslu á almenningsgarða og nærumhverfi íbúa.

## Fræðslumál

### Enn meiri metnaður settur í skólamálin.

Með því að:

- sjá til þess að menntun og aðbúnaður í skólum sveitarfélagsins sé til fyrirmyndar fyrir nemendur og starfsfólk, tækniþúnaður og tengingar séu fyrsta flokks og að skólalóðir séu aðlaðandi og öruggar.
- styðja við framsækið skólastarf sem stuðlar að vellíðan barna og skapar svigrúm til nýsköpunar í kennsluháttum.
- leggja áherslu á samstarf skólanna í sveitarfélaginu og samstarf þeirra við aðra skóla.
- taka fullan þátt í verkefninu „Stafrænir og skapandi Vestfirðir“ sem miðar að því að tækniþekking Vestfirðinga verði framúrskarandi.
- nýta svigrúm í bættum rekstri Ísafjarðarbæjar til að lækka kostnað fjölskyldna við dagvistun barna.
- skoða kosti þess að setja á stofn ungbarnaleikskóla/deild.
- beita okkur fyrir því að fullorðnir geti farið í fjölbreyttara fjarnám og hafi kost á styttri námsbrautum.

## Atvinnumál

### Þróttmikið og fjölbreytt atvinnulíf.

Með því að:

- fylgja atvinnumálastefnu Ísafjarðarbæjar sem leggur áherslu á sjálfbærni í uppbyggingu atvinnulífs.
- styðja áfram við Fab lab smiðjuna og stuðla að enn frekari vexti hennar.
- hjálpa smáfyrirtækjum, einyrkjum, lista- og fræðimönnum, frumkvöðlum og einstaklingum sem vantar aðstöðu í tímabundin verkefni að finna hentugt húsnæði.
- styðja við og vinna með stoðkerfi atvinnulífsins að þróun atvinnulífs á Vestfjörðum.
- styðja við aðila í nýsköpun, rannsóknum og þróun.
- auka fjármagnsflæði og fjárfestingar í sveitarfélaginu.
- koma að stofnun félags um lagningu raflínu í einkaframkvæmd frá Hvalárvirkjun.
- matvælaframleiðendur á svæðinu hafi tækifæri til að selja vörur sínar „beint frá býli“.
- styðja við nýsköpun í matvælaframleiðslu.
- vinna að umhverfisvottuðum Vestfjörðum til að laða að fjárfesta inn á svæðið.

- hvetja til sjálfbærs búskapar sem tekur bæði tillit til umhverfis og velferðar dýra.

### **Sjávarútvegurinn treystur sem ein af grunnstoðum atvinnulífsins.**

Með því að:

- knýja á um sanngjarna skiptingu veiðileyfagjalda milli ríkis og sveitarfélaga sem háð eru veiðum og vinnslu sjávarafla.
- fá verulega aukinn heildarafla fyrir strandveiðarnar og tryggja jafnræði milli svæða.
- fyrirkomulag úthafsækjuveiða verði áfram frjáls veiði.
- áfram verði stuðlað að aukningu í sjávareldi í sátt við umhverfið.

### **Afkoma og ásýnd ferðaþjónustu bætt með sjálfbærni að leiðarljósi.**

Með því að:

- fylgja stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða um metnaðarfulla og sjálfbæra uppbyggingu ferðaþjónustu í Ísafjarðarbæ með áherslu á að minnka hagrænan leka af svæðinu.
- móta stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa.
- vinna með ferðaþjónustuaðilum að gerð smáforrits (apps) með upplýsingum um þjónustu og áhugaverða staði á svæðinu.
- efla sjávertengda afþreyingu á svæðinu í samstarfi við áhugasama aðila.
- efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu og tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu.
- efla miðbæjarkjarna þorpanna og stuðla að fjölbreyttri og öflugri verslunar- og þjónustustarfsemi.

## **Byggðamál**

### **Framtíð byggðar á Vestfjörðum snýst um að fá viðurkennt jafnræði til búsetu.**

Með því að:

- styrkja stöðu Ísafjarðarbæjar sem miðstöðvar stjórnsýslu, menntunar og menningar.
- stuðla að uppbyggingu Háskóla hafsins á Vestfjörðum.
- flýta Dýrafjarðargöngum.
- tryggja vegabætur á Dynjandisheiði.
- berjast fyrir tengingu Barðastrandarsýslu við þjóðvegakerfi landsins.
- fá Súðavíkurgöng inn á samgönguáætlun.
- tryggja gagnaflutninga með hringtengingu ljósleiðarans um Vestfirði.
- öryggi í raforkumálum verði tryggt með Hvalárvirkjun og hringtengingu um Vestfirði.
- fundin verði ný staðsetning fyrir Ísafjarðarflugvöll og hann verði skilgreindur sem millilandaflugvöllur.

## Velferðarmál

Ísafjarðarbær er fyrir alla og það viljum við sýna.

Með því að:

- móta húsnæðisstefnu Ísafjarðarbæjar.
- bæta aðgengi fatlaðs fólks að stofnunum í eigu sveitarfélagsins og bæta hjólastólaaðgengi gangstétta.
- styrkja einkaaðila sem vilja bæta aðgengi fatlaðra, með mótframlagi sveitarfélagsins.
- efla atvinnumöguleika fatlaðs fólks í samstarfi við atvinnulífið.
- setja á fót „öldungaráð“ til að vera bæjarstjórn til ráðgjafar.
- tryggja góða þjónustu og gera íbúum kleyft að búa sem lengst heima.
- efla heimaþjónustu.

## Menningarmál

**Stuðlað verði að jákvæðri sjálfsmynd og samfélagsvitund í gegnum menningu og listir.**

Með því að:

- marka stefnu í menningarmálum.
- koma til móts við frumkvæði íbúanna.
- auka samstarf menningarstofnana og skóla sveitarfélagsins.
- hlúa að atvinnutækifærum tengdum menningu og listum.
- koma á menningarsamstarfi við önnur sveitarfélög.